

MINNISBLAÐ

Fjárhagslegt svigrúm vegna breyttrar verka- og kostnaðarskiptingar milli ríkis og sveitarfélag vegna breytinga á fyrirkomulagi húsnæðisstuðnings við leigjendur.

Á fundi fjölskylduráðs þann 17. nóv. 2017 var eftirfarandi bókað:

„Sviðsstjóra falið að skoða ráðstöfun fjárhagslegs svigrúms sem kom til vegna breyttra laga um almennan og sérstakan húsnæðisstuðning.“

Í samkomulagi ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um sérstakan húsnæðisstuðning sem undirritað var 31. maí 2016 segir m.a.:

„Að þremur árum liðnum frá gildistöku samkomulags þessa skal fara fram mat á framkvæmd 4. og 5. gr., þar á meðal hvernig svigrúm skv. 6. gr. hafi verið nýtt í þágu verkefna skv. samkomulagi þessu. Matið skal byggt á greiningum og öðrum niðurstöðum samráðsnefndar. Nefndin skal koma sér saman um viðmið miðað við stöðuna við árslok 2016 svo unnt sé að meta þróun þessara mála hjá sveitarfélögum. Leiði matið í ljós þá niðurstöðu að sveitarfélög hafi nýtt hið fjárhagslega svigrúm skv. 6. gr. til framkvæmdar 4. og 5. gr. samkomulagsins skulu fjármunir skv. 6. gr. áfram nýtast þeim til þeirrar framkvæmdar.“

<mailto:https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettir2016/Samkomulag-rikis-og-sveitarfelaga-um-husnaedisstudning-2016.pdf>

Gert var ráð fyrir 48 millj. króna fjárhagslegu svigrúmi árið 2017 hjá Hafnarfjarðarbæ vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga hvað húsnæðisstuðning varðar. Það sem af er árinu hafa verið keyptar íbúðir inni félagslega húsnæðiskerfið fyrir 256 millj. Auk þess hafa verið samþykkt stofnframlög fyrir 40,2 millj. Sveitarfélagið hefur því varið tæpum 300 millj. í uppbyggingu félagslegs húsnæðis árið 2017.

Hafnarfjörður 30.nóvember 2017

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.